

Gjaldskrá fyrir leigu á geymsluaðstöðu í Böggvisstaðaskála

1. gr.

Gera skal leigusamning, þar sem upphæð leigu er tiltekin, um leigu á geymsluaðstöðu í Böggvisstaðaskála. Leigusamninginn skal endurnýja á hverju ári. Heimilt er að framreikna leigugjaldið samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma hafi leigusamningi ekki verið sagt upp af samningsaðilum.

2. gr.

(Grunngjald leigu tók mið af byggingarvísitölu janúarmánaðar 2013, sem var 115,8 stig.)
Haust 2019 var gjaldskrá hækkuð um 2,5% og miðast gjaldskrá hér eftir við byggingarvísitölu í sept. 2019. 146,3 stig.

Leigugjald:	Fast gjald	kr/m ²
0 - 10 m ²	20.860	
11 - 50 m ²		2.513
51 m ² eða meira		2.373

3.gr

Leigan skal greidd í upphafi samnings, fyrir fram eitt ár í senn, og mun leigusali senda leigutaka reikning samkvæmt ákvæðum í leigusamningi og samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar þann 13.11.2019

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29.11.2019

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2020

